

50. stjórnarfundur haldinn í Þjóðmenningarhúsinu þann 21. september 2011.

Mætt: Kristveig Sigurðardóttir, formaður, Rósa Björk Halldórsdóttir, varaformaður, Böðvar Pétursson, Björn Ármann Ólafsson, Hjalti Þór Vignisson, Elín Heiða Valsdóttir, Snorri Ingimarsson og Sigrún Helgadóttir.
Einnig: Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Hjalti ritar fundargerð.

Kristveig bauð fundarmenn velkomna. Gengið til dagskrár kl. 10.40.

1. Samþykki dagskrár

Dagskrá lögð fram og samþykkt.

2. Samþykki fundargerðar 24. júní 2011 og 7. júlí 2011

Fundargerðir lagðar fram og samþykktar.

3. Rekstrarmál 2011

Þórður kynnti rekstraruppgjör fyrstu 6 mánuði og drög að rekstraruppgjöri fyrstu 8 mánuði. Kom fram að sértekjur fyrstu 6 mánuði ársins eru mun lægri en áætlað var sem helgast meðal annars af minni umferð í Skaftafell vegna Grímsvatnagoss og rofi Hringveggar um Múlakvísl. Í 8 mánaða uppgjöri eru sértekjur nær áætlun en fyrstu 6 mánuði ársins.

4. Sameining stofnana-Vatnajökulspjóðgarður

Kristveig ræddi um hugmyndir um sameiningu stofnana.

Hjalti sagði að tímarramminn sem gefinn er í málinu væri knappur ekki síst vegna hversu umfangsmikið verkefnið er. Vísaði í hvítbók um náttúruvernd máli sínu til stuðnings. Einnig taldi hann að Vatnajökulspjóðgarður væri á viðkvæmu skeiði í þróun sinni, lokið hafi verið við stjórnunar- og verndaráætlun en ljúka þurfi aðgerðaráætlun á grunni hennar áður en til sameiningar komi við aðrar stofnanir.

Kristveig upplýsti að tímaramminn sem nú væri gefinn upp væri aðeins hugsaður sem fyrsta skref í málinu og í samtölum hennar og þeirra sem vinna að málinu komi fram að breytingar geti í fyrsta lagi orðið eftir eitt og hálf ári til tvö ár.

Böðvar sagðist deila sjónarmiðum með Hjalta. Las Böðvar upp ályktun svæðisráðs norðursvæðis um málið frá 29. ágúst sl.

Kristveig sagði að breytingum myndi bæði fylgja kostir og gallar. Sagðist hafa bent á mikilvægi þess að ef til sameiningar komi sé mikilvægt að tryggja aðkomu heimamanna að þjóðgarðastofnun.

Rósa sagðist ekki hafa fullmótaðar hugmyndir um málið en sagði frá fundi sínum með ferðapjónustufyrirtækjum og heimamönnum umhverfis Snæfellsjökulspjóðgarðs. Þar hafi komið fram að aðkoma þeirra að rekstri garðsins sé lítil sem engin sem þau telja bagalegt.

Sigrún sagði það skipta miklu máli hvernig þjóðgarðastofnun verði byggð upp. Of þröngt væri að afmarka málið við þjóðgarða. Sagðist sjá fyrir sér sterka stofnun í líkingu við Hafró eða

Orkustofnun sem tæki yfir þjóðlendur, friðlýst svæði, þjóðgarða, þjóðskóga og fornleifavernd. Með því fengist öflugur málsvari náttúruverndar í staðinn fyrir núverandi kerfi sem væri brotakernt. Réttara væri að kenna þá stofnun við þjóðvanga en þjóðgarða.

Björn Ármann sagði mikilvægt að málið fengi víðtæka umfjöllun, ekki síst á meðal íbúa og sveitarfélaga sem tengjast svæðum sem um ræðir. Hafði rætt við framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Austurlandi sem upplýsti að ekki hafi verið leitað eftir samráði við SSA. Tók undir orð um mikilvægi þess að heimamenn hafi góða aðkomu að stjórnun nýrrar stofnunar ef til kemur.

Sigrún lagði áherslu á að heimamenn hefðu aðkomu að stjórnun nýrrar stofnunar en mikilvægt væri að ná saman dreifðum og smáum stofnunum og verkefnum í stærri og sterkari heild.

Elín Heiða sagði að sér litist ekki illa á hugmynd að sameiningu stofnana en algjört skilyrði væri að tryggja aðkomu heimamanna að nýrri stofnun. Lagði til að stjórnun bókaði sérstaklega um það á þessu stigi.

Hjalti sagði mikilvægt að ná betur utan um stjórn á landi í eigi ríkisins, til dæmis þjóðlendum á mikilvægum ferðamannastöðum eins og vesturhluta Jökulsárlóns.

Snorri sagði að við fyrstu sýn litist honum vel á hugmynd að sameiningu stofnana og það væri vel hægt að byggja upp dreifstýrt stjórnfyrikomulag innan hennar.

5. Innri starfsemi Vatnajökulsþjóðgarðs

Kristveig lagið til að úthýsa starfi fjármálastjóra fram að áramótum vegna þess að engin umsækjandi hafi talist hæfur þegar ráða átti í starfið í sumar.

Sagði Rósa styðja tillöguna í ljósi aðdragandans en ítrekaði þá skoðun sína að núverandi framkvæmdastjóri væri mjög hæfur í fjármálastjórn og hefði talið henta betur fyrir garðinn að fá sérfræðinga í önnur verkefni.

Böðvar tók undir orð Rósu.

Stjórn samþykkir tillögu formanns, Hjalti sat hjá.

Þjóðgarðsverðir, Hjörleifur Finnsson, Agnes Brá Birgisdóttir, Snorri Baldursson og Regína Hreinsdóttir komu inn á fundinn kl. 11.40.

Kristveig bauð þjóðgarðsverði velkomna á fundinn. Kynnti Kristveig hugmyndir að skipuriti fyrir Vatnajökulsþjóðgarð dags. 21. september 2011. Kristveig lagði upp með fjögur fagsvið (1. náttúrutúlkun og fræðslu, 2. útivist og byggðapróun, 3. náttúru- og menningarminjar, 4. skipulag og mannvirki) og eitt stoðsvið fyrir stjórnsýslu og rekstur (fjármál og rekstur, mannauður, samræmning og eftirlit o.fl.). Tillagan gerir ráð fyrir að þjóðgarðsverðir myndi stýra einu fagsviði ásamt daglegu starfi á sínu svæði.

Hjörleifur fagnaði framkomnum hugmyndum en taldi mikilvægt að þjóðgarðsverðir fengju tíma til að skoða þessar tillögur í sameiningu.

Snorri Baldursson sagði að tillögurnar væru gott fyrsta skref en skoða þyrfti innihaldið, til dæmis hvort eitthvað vantaði og hvort færa eigi verkefni á milli sviða.

Agnes Brá tók undir orð Hjörleifs og Snorra.

Regína Sagði mikilvægt að skoða þessi mál í samhengi við áform um sameiningu stofnana.

Björn Ármann og Böðvar lögðu áherslu á að halda verði áfram með vinnuna þrátt fyrir áform um sameiningu stofnana.

Elín sagði mikilvægt að velja öllum hlutum við í þessari vinnu og sagði það sína skoðun að hafa sviðin alls fjögur en ekki fimm. Þá með það að markmiði að sviðin deildust jafnt niður á svæðinu.

Snorri Ingimarsson velti því upp hvort menn sæu fyrir sér að sviðin myndu á einhvern hátt „róterast“ á milli svæða. Ef ekki að þá verði menn að horfa á staðsetningu sviðanna út frá styrkleika svæðisins.

Kristveig lagði til að stjórnin fæli framkvæmdastjóra og þjóðgarðsvörðum að vinna tillöguna áfram. Var það samþykkt.

6. Sameining stofnana-Vatnajökulsþjóðgarður

Fastráðnir starfsmenn Vatnajökulsþjóðgarðs komu á fundinn kl. 12.30. Hugi Ólafsson, starfsmaður umhverfisráðuneytisins kom á fundinn kl. 12.30 og fór yfir vinnu ráðuneytis um sameiningu stofnana. Greindi hann frá vinnulagi og svaraði spurningum fundarmanna. Hugi vék af fundi kl. 13.15.

Kristveig kynnti vinnulag við SVÓT greiningu undir þessum lið. Fyrst yrði rætt um kosti galla núverandi stjórnfyrikomluags í um 30 mínútur og síðan kosti og galla hugmyndar að þjóðgarðastofnun í 30 mínútur. Fundarmönnum skipt í fimm hópa sem hver og einn kynnti niðurstöður sínar.

Hjalti vék af fundi kl. 15:30

7. Önnur mál

- *Samráð um samgöngur*

Kristveig kynnti það samráð sem er í gangi og mun starfshópur skila af sér fyrir lok nóvember.

- *Stjórnunar- og verndaráætlun; viðbót Langisjór, Eldgjá*

Samþykkt að Svæðisráð Vestursvæðis hefji vinnu við gerð tillögu að Stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið, sem verði kynnt fyrir lok árs.

- *Deiliskipulag Skaftafelli-tillaga*

Sigbjörn Kjartansson frá Glámu Kím kynnti tillöguna.

Tillagan verði skoðuð sérstaklega af starfsmönnum Suðursvæðis og Svæðisráð Suðursvæðis fái síðan tillögunnar til afgreiðslu. Þetta ferli klárast fyrir næsta stjórnarfund.

- *Jöklasýning á Höfn*

Skoðaðir hafa verið möguleikar á að flytja sýningu í annað húsnæði. Það sem kemur helst til greina þar er Pakkhúsið. Málið verður skoðað áfram með fulltrúum sveitarfélagsins.

- *Landsvæði við Dettifoss að vestan*

Leitað verði allra leiða til að ná samnigumum um svæðið og næsta skref verði að framkvæmdastjóri og formaður Svæðisráðs Norðursvæðis eigi fund með fulltrúa landeigenda.

- *Samstarf við Kötlu jarðvang (Geopark)*

Gerður hefur verið tímabundinn samstarfssamningur um samráð og samstarf um náttúruvernd, ferðamennsku, fræðslu og merkingar.

- *Umsókn um aðild að Europarc*

Skoðað verði með umsókn um aðild að Europarc og unninn verði listi yfir forgangangsverkefni varðandi alþjóða-samvinnu og -samstarf.

- *Framvinda verkefna milli stjórnarfunda*

Sett verði upp vinnuskjal með yfirliti um verkefni í vinnslu, sem skoðað verði á hverjum stjórnarfundi.

8. Næsti stjórnarfundur

Næsti fundur verður 12. október á Norðursvæði
Þar á eftir verða fundir 2. miðvikudag í mánuði.

Fundi slitið klukkan 16:50